

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 138/2013**

2013/EES/72/06

frá 15. júlí 2013

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við**  
**EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/39/ESB frá 26. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun 2006/17/EB að því er varðar tiltekna, tæknilegar kröfur varðandi prófanir á vefjum og frumum úr mönnum <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 15y (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/17/EB) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32012 L 0039:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/39/ESB frá 26. nóvember 2012 (Stjtíð. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/39/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júlí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Dórir Ibsen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 24.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.